

ERINDISBRÉF FYRIR

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDANEFND

HAFNARFJARÐAR

I. Kafli
Umboð og hlutverk

1. gr.

Íprótta- og tómstundaneftnd Hafnarfjarðar er kosin af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og fer með þau íprótta-, æskulýðs- og tómstundamál sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu. Nefndin heyrir undir fjölskylduráð.

2. gr.

Íprótta- og tómstundaneftnd Hafnarfjarðar er skipuð þrem fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefndin er kosin, til eins árs í senn, á fundi bæjarstjórnar í júní. Á fyrsta fundi nefndarinnar eftir kosningu hennar fer fram kjör formanns og varaformanns.

Formanni og varaformanni fjölskylduráðs er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Formaður Ípróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) á rétt á setu á fundum íprótta- og tómstundaneftndar, sem áheyrnarfulltrúi, með tillögurétt og málfrelsi.

Fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar á rétt til setu á fundum íprótta- og tómstundaneftndar sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt og málfrelsi.

Fulltrúi Tómstundabandalags Hafnarfjarðar á rétt til setu á fundum íprótta- og tómstundaneftndar sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt og málfrelsi.

3. gr.

Hlutverk íprótta- og tómstundaneftndar er að fara með og móta málefni íprótta-, tómstunda- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi til fjölskylduráðs og bæjarstjórnar um þau mál.

Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru m.a. :

Fjalla um rekstur ípróttamannvirkja og tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðar og hliðstæðrar starfsemi í eigu, leigu og / eða rekstri bæjarins.

Fjalla um þann hluta fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins sem snýr að málefnum nefndarinnar og vísa þeim til fjölskylduráðs.

Nefndin skal ennfremur fylgjast með því að fjárhagsáætlun sé fylgt og bregðast við með athugasemdum og tillögum til fjölskylduráðs.

• Gera tillögur til fjölskylduráðs um starfsreglur fyrir þær stofnanir sem nefndin hefur umsjón með.

• Gera tillögur um styrkveitingar til einstakra verkefna, félaga, deilda eða

einstaklinga á grundvelli sérstaks umboðs sem fjölskylduráð veitir hverju sinni og heimildir eru fyrir í fjárhagsáætlun.

Ennfremur að fylgjast með starfi og rekstri viðkomandi íþrótt- og tómstundafélaga sem njóta þjónustu- og rekstrarstyrkja úr bæjarsjóði.

- Gera tillögur til fjölskylduráðs um gjaldskrár stofnana.

- Hafa forgöngu um könnun á húsnæðisþörf til íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og stuðla að aukinni fjölbreytni í þessum málum fyrir bæjarbúa.

- Vera tengiliður við félagasamtök er vinna að þessum málum og leitast við að samræma störf þeirra á þann veg að óeðlileg samkeppni skapist ekki.

- Efla íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf í Hafnarfirði og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði.

- Umsjón með 17. júní hátíðarhöldum í Hafnarfirði.

- Umsjón með sumarstarfi fyrir börn og unglinga í Hafnarfirði. Um er að ræða leikjanámskeið, rekstur vinnuskóla, gæsluvalla, skólagarða og annarra sambærilegra verkefna.

- Fara að öðru leyti með verkefni á sviði íþrótt-, æskulýðs- og tómstundamála sem nefndinni eru falin af fjölskylduráði og bæjarstjórn eða samkvæmt lögum.

4. gr.

Íþrótt- og tómstundanefnd setur fram, ef ástæða er til, ábendingar um ný rekstrar- og framkvæmdarverkefni á sínu sviði og skal fá til umsagnar við gerð fjárhagsáætlunar tillögur um allar stærri framkvæmdir sem tengjast verksviði hennar.

5. gr.

Fundargerðir íþrótt- og tómstundanefndar skulu teknar á dagskrá fjölskylduráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar fjölskylduráðs eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar fjölskylduráðs ber að taka þær sérstaklega fyrir og taka þær formlega gildi við staðfestingu fjölskylduráðs nema að þær séu þess eðlis að fjölskylduráð vísi þeim til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fundargerðir íþrótt- og tómstundanefndar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar.

II. Kafli **Starfsmenn, fundir og starfshættir**

6. gr.

Íþróttafulltrúi og æskulýðsfulltrúi starfa með íþrótt- og tómstundanefnd og bera ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Þeir undirbúa og sitja fundi nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Íþróttafulltrúi og æskulýðsfulltrúi boða fundi íþrótt- og tómstundanefndar Hafnarfjarðar í samráði við formann nefndarinnar.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi.

Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir eða að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti nefndarmanna, formaður nefndarinnar, bæjarstjóri eða formaður fjölskylduráðs æskir þess.

8. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara, með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar íþrótt- og tómstundanefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Nefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn og getur nefndin enga bindandi ályktun gert nema fundurinn sé lögmætur.

9. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni fer samkv. IV. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar.

Nefndarfundur skal að jafnaði halda fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefndin boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

10. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskra þær skv. ákvæðum samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir íþrótt- og tómstundanefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og

skjölum ípróttá- og tómstundaneftndar, lög, reglugerðir er varða nefndina svo og erinðisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað á bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar.

III. Kafli

Markmið og verkaskipting

11. gr.

Ípróttá- og tómstundaneftnd skal vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar ípróttá- og tómstundaiðu meðal íbúa í Hafnarfirði og hafa samvinnu við þá aðila, sem að slíkum málum vinna.

Markmiðum sínum leitast nefndin m.a. við að ná með því að:

- Móta stefnu bæjarfélagsins í ípróttá-, æskulýðs- og tómstundamálum.
- Vera fjölskylduráði til ráðuneytis um ípróttá-, æskulýðs- og tómstundamál.
- Vera fjölskylduráði til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja í þágu ípróttá-, æskulýðs- og tómstundamála.
- Hafa sem nánast samband við skóla, félög og félagasamtök er hafa ípróttá-, æskulýðs- og tómstundamál á stefnuskrá sinni og vera þeim ráðgefandi aðili.
- Leitast við að ná til þess æskufólks sem sökum áhugaleysis, eða af öðrum orsökum, gefur sig ekki að heilbrigðum viðfangsefnum í tómstundum sínum.
- Taka þátt í forvarnarstarfi á vegum sveitarfélagsins og annarra aðila.

12. gr.

Ávallt skulu liggja fyrir sem gleggstar upplýsingar um ípróttá-, æskulýðs- og tómstundamál í Hafnarfirði, þannig að veita megi íbúum sveitarfélagsins upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er á vegum bæjarfélagsins og annarra aðila.

13. gr.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

IV. Kafli

Gildistaka

14. gr.

Erinðisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

**Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í fjölskylduráði og
bæjarstjórn Hafnarfjarðar og tekur gildi 2012.**